




Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

12. tbl. Júní 1977



Engir litir steinaríkisins jafnast á við hina fegurstu liti lífsins.
Helgi Pjeturss

Halleys halastjarnan

(Sjá forsíðumynd)

Ein a ffurðum sólkerfis okkar eru halastjörnurnar, sem ganga í löngum sporbaugum um sól okkar. Forsíðumyndin sýnir Halleys-halastjörnuna, og var hún tekin í maí 1910.

Pegar halastjarnan var næst sólu var hali hennar 150 milljón km á lengd, eða um það bil eins langur og fjarlægðin milli jarðar og sólar. Þegar halastjarnan gekk yfir braut jarðar, lenti jörðin um stund inni í miðjum hala hennar, en þó gætti þess ekki á nokkurn hátt. Til eru halastjörnur, sem hafa haft miklu stærri hala en Halleys halastjarnan. Ein slík, sem gekk fram hjá sólu árið 1843, var með hala sem náði 300 milljónir km út frá henni.

Umferðartími Halleys halastjörnunnar er 76 ár. Hún var lengst frá sólu árið 1948, og árið 1986 mun hún aftur verða í sólnánd. Hún fer lengst frá sólu út á milli brauta Neptúnusar og Plútós.

Hún er þekktust allra halastjarna, því sagnir eru um hana allt frá árinu 240 f. Kr. Koma hennar hefur stundum verið sett í samband við ýmsa stórvíðburði, þótt slíkt hljóti auðvitað að vera algjör tilviljun. Það var hún, sem kom í ljós árið fyrir eyðileggingu Jerúsalemsborgar og það var hún sem sást fyrir orustuna miklu við Hastings, þar sem Vilhjálmur sigursæli vann sigur á Haraldi Góð-vinssyni.

Um aldir hafa halastjörnur verið taldar boða hin mestu óheilla-tíðindi, og var það e. t. v. ekki svo undarlegt meðan ekki var vitað um eðli þeirra. Þær virtust koma óvænt utan úr geimnum eins og skrattinn úr sauðarleggnum, og enginn gat vitað hvaðan þær komu eða hvert þær fóru. Árið 1683 tókst enska stjörnu-fræðingnum Edmond Halleys að reikna út umferðarbraut hala-stjörnu, sem þá var á ferðinni, og var henni gefið nafn eftir honum og er síðan kölluð Halleys-halastjarnan.

Þekktar eru um fimmtíu halastjörnur, sem hafa innan við eitt hundrað ára umferðartíma um sólu. Þar af eru nokkrar, sem aðeins þurfa 5 til 9 ár til að ganga eina umferð um sólu. En umferðarbraut margra halastjarna er svo löng, að það tekur þær mörg hundruð eða jafnvel þúsundir ára að fara eina umferð um sólu, og tekst sjaldan að reikna út umferðartíma þeirra, er svo langt fara út í geiminn.

Flestar halastjörnur ganga á mjög þröngum sporbaugum um sólu. Er þær ganga framhjá sólu í lítilli fjarlægð frá henni, verður hraði þeirra ákaflega mikill. Það er einkenni flestra halastjarna, að hali myndast út frá þeim í sólnánd, og verður hann því lengri sem þær nálgast hana meir. Halinn stefnir alltaf í átt frá sólu. Er halastjarna nálgast sól fer halinn á eftir henni, en er hún fjarlægist sólina, fer halinn á undan henni. Er það sólvindurinn eða geisla-spyrna sólar, sem hefur þessi áhrif á nokkurn hluta hinna lausu og litlu efna, sem halastjörnur eru af gerðar.

Ingvar Agnarsson.

Erindi og greinar

LÍFAFLFRÆÐIPÁTTUR

Aflsvæði lífveru — aflsvæði lífheildar.

H. S. Chamberlain segir í riti sínu „Grundvöllur níttjándu aldar“ (1898) að ættstofni hvefrrar þjóðar megi líkja við aflsvæði seguljárns, þar sem eindirnar eru aðeins litlar járnagnir með veikum skautum, en heildin miklu merkilegri og máttugri en hin einstöku aflsvæði gætu gefið tilefni til að ætla. Á sama hátt mætti hugsa sér þjóð, — nokkurnveginn samkynja að ætterni, og með langa sögu að baki sér, — sem sérstakt aflsvæði eða segul, sem haldi áfram tilveru sinni gegnum tíðina, enda þótt einstaklingarnir deyi og aðrir komi í staðinn. Þegar vilji einstaklinga hinnar sömu þjóðar stefnir í eina átt, þannig að ákveðið mark er fyrir stafni, myndast það streymi, sem gerir hvort tveggja: að skapa hverjum einum rétt sambönd við aðra, innan ramma aflsvæðisins, og eflir þroska hans sjálfs og sérkenna hann þannig frá öðrum. Þegar þjóð nær að þroskast á þennan hátt koma ættareinkenni hennar æ skýrar í ljós, og hún eignast sífellt fleiri sérstæða einstaklinga. — Hjá Chamberlain var þessi hugsun um aflsvæðið gáfulega framsett samlíking til stuðnings hugleiðingum hans um sögu og örlög þjóða, en þó án vísindalegrar og heimspekilegrar undirstöðu, því að slík undirstaða var ekki til á þeim tíma. En þegar fundin er lífgeislunin sem lífslögmál, lögmál um samband lífsins í nálægð og fjarlægð, horfir þetta mál allt öðru vísi við. Á þeirri þekkingu er hægt að byggja það upp frá grunni, sem jafnan vantaði áður grunninn að, til óbætanlegs tjóns fyrir alla menn.

Íslenzk uppgötvan.

Íslenzki vísindamaðurinn H. Pjeturss uppgötvaði lífgeislunina, um 1912—'14, og setti hann niðurstöður sínar fram í ýmsum ritgerðum frá þeim árum og síðar. Lagði hann vísindalegan heiður sinn að veði fyrir því, sem hann hafði fundið, enda stóð hann við

það til æviloka eða í nærfellt 40 ár. Á grundvelli þessarar niðurstöðu ritaði hann þá heimspeki, sem táknuð er með nafninu Nýall. En Nýall þýðir: sá sem flytur hið nýja, enda er um að ræða meiri nýjung en menn hafa áður haft af að segja. Í Nýal er lífgeislunin sett í samhengi, sem ekki varð fundið annarsstaðar. Á þessum grunni er nú unnt að skilja mannkynssöguna betur en áður og byggja þjóðernishyggju á traustum vísindalegum grunni, sem getur ekki brostið.

Lífgeislunarkenning H. P. fékk lítinn framgang um hans daga, og sama er að segja um kenningar annarra vísindamanna sem á líkri leið voru: A. Gurwitsch's í Rússlandi, F. Cazzamalli's á Ítalíu, W. Stempell's í Þýskalandi o. fl. Athuganir þessara manna voru að engu hafðar, vegna þess að líffræðingum þeim, sem mest máttu sín, þótti þær valda of mikilli röskun þeirra hugmyndakerfa, sem þeir höfðu áður aðhyllt. Mannkynið lagði út á óvísindabraut með ferlegum afleiðingum, en eitthvað lifði þó af, og meðal þess allramerkilegasta, sem varðveittist gegnum hildarleik styrjalda og „hreinsana“ var það sem nú skal greina:

Rússnesk uppgötvun.

Um 1939 hafði rússneska raffræðingnum Semyon Kirlian og konu hans Valentinu hugkvæmzt sú tækni, sem gerði það kleift að ná myndum af lífgeislunum. Um 1950, þegar landið var tekið að ná sér eftir styrjöldina var Kirlian að nýju orðinn þess megnugur að sýna öðrum vísindamönnum árangur sinn. En það var ekki fyrr en árin 1960—1962 sem fyrst var sagt frá þessari uppgötvun opinberlega, og liðu þó enn nokkur ár svo, að engir styrkir fengust til rannsókna á þessu sviði. Það vildi svo vel til að ein fyrsta fréttin af þessum rannsóknum birtist í blaðinu Soviet Union, nr. 145 1962, og var nú reyndar að sjá, sem þær væru aðallega birtar vegna þess hve litfagarar þær voru og sem vottur um sovétka tækni, fremur en vegna hins fræðilega gildis.

Blaðið með þessum myndum var ekki löngu komið á markað þegar það komst í hendur manns, sem skildi þýðingu þess sem um var að ræða, og ritaði allanga grein um myndirnar og það sem þær sýna. Þessi maður var Sveinn Haraldsson, maður lítt skólagenginn, fátækur og án mannvirðinga, en vel lesinn í fræðum Nýals. Fékk hann grein sína birta í Þjóðviljanum, ásamt myndum, og þó ekki hnútulaust af hendi ritstjórnanna. En stuttu síðar skrifaði Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum grein til stuðnings Sveini, þar

sem hann tók sérstaklega fram að kenningin um lífgeislun væri ekki nein „háspeki“, og birtist sú grein í blaðinu Vísir sama vor. Á þennan hátt var það, sem lífgeislamyndirnar rússnesku náðu loks að komast inn í sitt rétta sambengi, sem er skilningurinn á eðli þeirra. Á Íslandi var kveðið upp úr um það að hér væri um lífgeislun, bioradiation að ræða, og bendir allt til þess nú, að sá skilningur sé að verða ofan á meðal vísindamanna almennt, enda þótt uppruna þeirra hugsunar sé enn lítt getið.

Ný þróun á Vesturlöndum.

Haustið 1971 komst Thelma Moss, bandarísk vísindakona, til Sovétríkjanna og hitti þar prófessor Ilyushin í Alma Ata, og fræddist af honum um Kirlian-tæknina. Síðan hefur Thelma Moss verið einn aðalhvatamaður að þessum rannsóknum á Vesturlöndum, en fjöldi annarra hefur komið þar til liðs. Um líkt leyti og hún var að koma sér af stað með þessar rannsóknir árið 1972 var þó annar maður á Vesturlöndum að hefja tilraunir á þessu sviði, án nokkurrar Rússlandsdvalar, og einungis eftir lauslegum upplýsingum úr rituðu máli. Þessi maður var Íslendingurinn Ævar Jóhannesson, nú starfsmaður Raunvísindastofnunar háskólans, en reyndar einnig að miklu leyti sjálfmenntaður maður. Ævar hefur tekið þrýðilegar Kirlian-myndir upp á eigin spýtur. Hann hefur reyndar sagt mér að hann hafi verið að því kominn þegar árið 1962, nokkru eftir að hann hafði séð myndirnar í Soviet Union, að finna lagið á þeirri tækni sem til þurfti, en eitthvað hamlaði, hvort sem það var nú tímaskortur eða annað, og féll það svo niður. — Menn munu nú sjá að hlutur Íslendinga í þessu máli, bæði tækninni og varðandi skilninginn á því, sem hún sýnir, er ekki óverulegur. Enda hefði varla annað verið sæmandi, þar sem upphaf lífgeislakenningarinnar og heimspekileg framsetning hennar, hafði einmitt orðið hér á landi.

Eðli lífgeislunar — stutt mál um mikið efni.

Helgi Pjeturss segir í Nýal:

„Hver minnsta hræring sem verður í heiminum, hver minnsta efniseind, leitast við að framleiða sjálfa sig um allan heim, breyta öllum heiminum í sig. Frá hverri veru, hinn stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu, stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.“

(Nýall s. 45, 2. útg.).

Af því sem þarna er sagt, og af því sem fer þar á undan og eftir, er ljóst að Helgi Pjeturss, höfundur kenningarinnar um lífgeislun, lítur ekki á þá geislun sem eitthvað yfirnáttúrulegt, óskiljanlegt eða fráskilið hinni eðlisfræðilegu geislun, rafsegulgeisluninni, sem þegar var þekkt, heldur sem beint framhald þeirrar geislunar og viðbót. Lífgeislunin er nokkurskonar rafsegulgeislun eða orkuflutningar á æðra stigi, ef svo mætti segja. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Í kenningu Nýals eru engin óyffirstíganleg skil eða greining milli hins líkamlega og andlega, hins lífræna og ólífræna — þó að mörk séu þar á milli — heldur er náttúran, og allt sem er, af sama eðli. „Andans kraftur“ er af efnislegum rótum, og efni og andi eru ekki andstæður heldur tvær hlíðar á hinu sama. Þetta hafa menn, margir hverjir, því miður, átt erfitt með að tileinka sér, hverjar svo sem ástæðurnar hafa verið. Mörgum, sem áhugasamir eru um framlíf og dulræna reynslu, hættir til að óska þess að eitthvað finnist, sem sé „ekki af þessum heimi“ heldur yfirnáttúrulegt, og þeir vona, að það sem finnst við rannsóknir eins og þessar, sem hér er vikið að, sé í sem allra minnstum og lauslegustum tengslum við „efnislíkamann“ og starfsemi hans.

Á hinn bóginn eru þeir, sem lært hafa eðlisfræði og önnur vísindi oft haldnir hinni mestu tortryggni gagnvart því sem kynni að benda út fyrir hring hins afmarkaða lærdóms. Þegar lífgeisla myndirnar voru að byrja að koma frá Ameríku fyrir nokkrum árum, spurði ég eitt sinn eðlisfræðiprófessor í strætisvagni að því, hvað hann héldi um þetta. Hann sagðist halda, að þetta væri útgufun. En á hinn bóginn sagði hann að *ef* aðferð yrði fundin, sem sýndi bjarmamyndina þar, sem bláðið er ekki, þá væri fyrst eitthvað um að tala. Þá gæti ekki lengur verið um útgufun að ræða. Með öðrum orðum þá hélt þessi ágæti prófessor (sem ég hef tilhneigingu til að meta mikils), að ef von ætti að vera um eitthvað æðra en þetta líf, þá yrði hún að liggja á sviði hins óefnislega, í andlegum heimi. Prófessorinn var með öðrum orðum tvíhyggjumaður undir niðri, þó að í öllu starfi sínu að vísindunum sé hann einhyggjumaður, og verði að vera. En hitt kom honum alls ekki í hug að raunveruleiki lífgeislunar væri það orð, sem leysir hnútinn, sem einhyggja og tvíhyggja ríða sín á milli. — Það er rétt að nefna það hér undireins, að til eru athuganir, sem skera úr um það, að útgufunartilgátan fær ekki staðizt. Myndir, sem teknar hafa verið af miðlum og huglæknum í sambandsástandi, sýna mun meiri útgeislun en í venjulegu ástandi. Og samstilling aflsvæð-

anna, fyrir tilfinningaáhrif, sem einnig eru til myndir af, sýnir svo ekki verður um villzt, að bjarmamyndirnar eru geislunareðlis en engin útgufun.

Það sem fyrir liggur og það sem af því leiðir.

Það sem fyrir liggur eru í fyrsta lagi athuganir Helga Pjeturss (og síðan margra annarra) á draumum, á ýmsum fyrirbærum hugans og mannlegra samskipta, í öðru lagi fyrirbrigði spíritismans og ýmsra trúarhreyfinga af margvíslegu tagi, í þriðja lagi líffræðilegar athuganir manna eins og Gurwitchs og Stempells á plöntum og öðrum lífverum, í smáu og stóru, og loks lífgeislamyndir Kirlians, heilabylgjumælir Bergers og ýmis önnur tæki til mælinga á ástandi lífvera, sem fundin hafa verið upp. Eða réttara sagt, þær niðurstöður slíkra mælinga sem benda til hins sama um lífgeislunina. Það sem af þessu leiðir er þetta: að lífmyndirnar lifa, vaxa og þróast, ekki tilviljanakennt, heldur „samkvæmt áætlun“ eftir aflsvæði sem er óaðskiljanlegt lífi þeirra sjálfra. Lífafalsvæði er staðreynd sem fyrir liggur jafnt hvort talað er um mann, dýr eða tré, eða þær frumur billjónum saman, sem þessar lífverur eru byggðar af, eða þá þær lífsameindir ennþá miklu minni, og þó svo margbreytilega saman settar, sem byggja upp frumurnar (kjarnasýrur, eggjahvítusameindir). Og allt efni, líflaust jafnt sem lifandi, býr yfir mætti rafsegulgeislunarinnar, eins og kunnugt er, og verður því að ætla, að við hið ótalþætta og síbreytilega skipulag lífsameindanna (kraftform) sé tengdur hæfileikinn til myndunar lífafalsvæðis, sem heldur áfram upp eftir öllu lífríkinu, með sífellt hækkandi og margbreyttari möguleikum.

Þorsteinn Guðjónsson.

ALHEIMUR: EFNISLEG SKÖPUN FRUMSKÖPUN EFNISLEGS LÍFS

Eins og blómin opna sig fyrir birtu sólar, þannig ætti maðurinn að opna hug sinn gagnvart lífskrafti alheimsins og leyfa honum óhindrað að streyma um sig allan til þess að hlaðast orku og lífskrafti. Ef fallett blóm fær ekki nóga birtu og lífskraft verður það ljótt, kemur af því vond lykt og það rotnar. Það hefur misst samband sitt við efnislega lífsstöð og lífæð sína. Birta sólar kemur utan frá. Blómið dafnar eftir því, hve gott samband þess er við lífsaflíð. Hvern einasta skammt af krafti fær það sent utan að. Blómið nærast á lífi sem það fær sent. Alveg eins er með allt líf hér á jörð, og maðurinn er þar engin undantekning. Blóm visnar af því að lífskraftur þess er að fjara út, en dafnar um leið og sambandið vex.

Landnám lífs á plánetunni Jörð.

Hugsum okkur Surtsey. Þar braust glóandi hraun upp úr sjónum. Eyja varð af því, líflaus eyja. Hvaðan kemur hvatinn að lífkviknun? Líf kviknar ekki í neinu án utanaðkomandi hvata. Allt vatn á jörðu kemur ofan að. Regndropar falla. . . . Einnig allt efni plánetunnar Jarðar er utanaðkomið. Spurning: Er plánetan Jörð sú elzta í alheimi. Kviknaði líf á plánetunni Jörð af tilviljun, slyzni og gerðist það óháð öllu öðru lífi? Og ef líf kviknar annarsstaðar í alheimi, verður það þá líka fyrir tilviljun? Er þá sem sagt allt líf á jörðu komið af efni því sem fyrir var í sólhverfi okkar og engu öðru? Eða valdi svokallaður guðdrottinn, skapari alls, plánetuna Jörð úr hópi óteljandi pláneta sem sinn einkablómsturpott? Og er mannkynið það eina sem skiptir máli: öll önnur dýr, jurtir og líf aðeins til þæginda fyrir hann. Að maðurinn einn hafi sál? Að allar aðrar lífverur hafi enga sál? Dýr og jurtir stefni ekki til vitundar, hugsunar eða ódauðleika? Sem sagt að apar eigi ekki eftir að heyra fagnaðarerindið né að segja „halló manni?“ Að eftir líkamsdauðann fari maður úr efnisheimi í andaheim, af því að hann hefur sál, sem sögð er vera andstæð öllu efnislegu. En þó minnir mig að orðið sál þýði einmitt líkami (líkur hamur) eða

Ef maður á að starfa í andaheimi, verður hann líklega að hafa andaefni til að lifa við, éta andaefnismat, búa í andahúsi, ganga á andagrasi. Lýsingar

Bíblíunnar og andamiðla segja frá líkum hlutum og í efnisheimi, það er að segja efniskenndum hlutum.

Alheimur, pláneta, Jörð . . .

Plánetan Jörð er hluti af alheimi (efnislegum og óendanlegum) og lýtur hún lögmálum alheimsins, við skulum segja stjarnfræðilegum lögmálum.

Alheimur snýst ekki í kringum plánetuna Jörð, stjörnu okkar eða kanana. Ef við sprengdum plánetuna Jörð í tætlur, ásamt hinum átta og Sóli, mundi alheimur þó standa óhaggaður. Jörðin er hluti alheims efnislega, en er hún líka hluti lífræns heims? Jörðin er hluti óendanlegs heims. En er líf á jörðu hér líka hluti óendanlegs lífheims (efnislegs). Ef við erum efnisleg og hluti af lífheimi, ef líf á jörðu hefur tilgang og er ekki slys, til hvers er þá að hafa aðeins líf á einni jörð og allar aðrar líflausar. Sjaldan er ein báran stök. Hver eru tengsl okkar við alheim? Annaðhvort erum við einir á báti eða ekki. Er allur alheimur aðeins ætlaður fyrir okkur að horfa á sem ljósdepla eða skrautsýningar á síðkvöldum? Er tilgangur með plánetunni Jörð? Efnislega er sól okkar ekkert merkilegri en óteljandi aðrar. Ef tilgangur er með alheiminum held ég að það sé samstilling alls lífs. Að allt líf í alheimi stefni til samræmis. Við getum sagt að jurtir (sem finna til), stefni til hugsunar upp á við. Að allt líf stefni upp á við. Ef maður og kona eiga sér framhaldslíf eftir þetta líf, þá eiga Snati og Búkolla það líka. Himnaríki er þar sem samstilling hefur náðst. Hugsum okkur mikið tónverk þar sem milljónir tóna hljóma rétt — allir tónar hljóma rétt — samstilling. Þetta nefni ég líf-stefnu. Svo hugsum við okkur það tónverk þar sem margir tónar eru réttir en fáir falskir. Ekki er þar fullkomin samstilling. Þá stillum við annaðhvort réttu tónana eftir þeim fölsku eða á hinn veginn. Tilgangur alheimsins er samstilltur hljómur, en hvernig fellur tónn Jarðar þar inn í? Er hann falskur eða réttur? Hver eða hverjir kjósa ungfrú Alheim? Fyrir utan guð almáttugan er Ungfrú Alheimur (miss Universe), einhver sá umfangsmesti titill, sem ég get hugsað mér af þeim sem ég hef heyrt getið um.

Þórballur Sigmundsson.

AFLSVÆÐI Á ÝMSUM STIGUM.

Þjóðar-aflsvæði.

Aflsvæði lífsameindar verður þáttur í aflsvæði frumunnar, frumunnar í aflsvæði líffæris eða vefjar, einstök slík líffæri í heildaraflsvæði líkamans. Manns aflsvæðið verður síðan þáttur í fjölskyldu-aflsvæði, og þó einkum þjóðar-aflsvæði. En þjóðar-aflsvæðið er þáttur í jarðar-aflsvæði, og veltur nú mjög miklu á því að samband þjóðar-aflsvæðanna séu með þeim hætti, að bæði megi efla, varðveita og göfga þjóðar-einkennin, því að á þann hátt einn er hægt að sigra helstefnuna og efna til annarar framsóknar. Sönn framsókn er í því fólgin, að einhver tekur forustuna og segir að breyta megi stefnunni með því að byggja á þessum atriðum: að fyrirbærin — þessi umdeildu — gerist, að framlíf eigi sér stað og sé á öðrum hnöttum, að annað frumlíf sé á enn öðrum hnöttum, að æðri máttur vaki yfir öllu lífi og þroskabraut einstaklingsins sé óendanleg, og — að samband sé á milli alla lífs í alheimi og ljóshraðinn yfirstiginn á eðlisfræðilegan hátt.

Þegar þetta er sagt fer að rofa til og þegar því er játað, rofar enn betur til. Forustusveit mannkynsins skipa þeir, sem halda þessu fram. Sá sem veit sig hæfan til að vita þetta og halda því fram, er sjálfkrafa kominn í þá forustu. En sá sem hvíkar frá því, er ekki hæfur. Frá framsóknarsveitinni stafar lífsafli til allra þeirra sem ganga í lið með henni, og þar með er stefnubreytingin hafin.

Um leið og þessi kjarni fer að myndast, skapast jafnframt samband við líkan kjarna, sem er að myndast á öðrum frumlífshnetti. Þar eru menn á borð við okkur. Þeir stefna fram til myndunar þjóðar-aflsvæði, sem er hæft til þess að beina mannkyns-aflsvæði á rétta þroskabraut. Þeir sjá sól, himin, grjót og gras, rétt eins og við. Þá dreymir og þeir verða draumgjafar, allt eins og við. Og þeir þekkja eðli lífgeislunar, samkvæmt athugunum brautryðjenda, sem sífellt má endurtaka. Þessir menn vita eðli drauma, og þó standa þeir tæpt — vegna öfugstefnu atburða á jörð þeirra. Og þó beina þeir fránum hugarsjónum um víðan stjörnugeim. Þegar þeir skyggjast í mannlega hugi á stjörnunni Jörð, leitast þeir við að stuðla þar að myndun hins rétta, þjóðlega aflsvæðis. Uppspretta kraftar þeirra er þó hjá hinum æðri mannkynjum, á enn öðrum stjörnum. Á sama hátt reynum við, með hugarafli í draumum, að laða fram hið þjóðlega aflsvæði — í ólíklegustu

stöðum, og draga úr því sem miðar til eyðileggingar þjóðernis. Hyggja vor er djúp, og hugur vor er stilltur, því að vér vitum að fundin er hin rétta leið.

Milli frumlífsmanna.

Á fjölmörgum frumlífshnöttum er líkt ástatt og á okkar, og sífellt mistakast þær tilraunir, sem gerðar eru úr æðri stöðum til þess að bjarga. Ljóst er, að jafnvel þar sem nokkurt lið áhugasamra stuðningsmanna hins mikla málefnis er komið upp, veltur á ýmsu að framhaldið, og ýmsir útúrdúrar eiga sér stað.

Ekkert er það þó sem greiðir eins úr vandanum eins og vísindaleg rök og vísindaleg viðurkenning. Náist hún, verður allt auðveldara á eftir. En gallinn er sá, að í slíkum stöðum á það mjög erfitt uppdráttar að tengja fyrirbæri sambandsins við vísindin. Mikil fyrirstaða er þar víða gegn athugunum á slíkum fyrirbærum. Og þó að hin mikla uppgötvun sé gerð, láta menn sem ekkert hafi gerzt og líta ekki á hvernig hún leysir úr mótsögnum.

Það er helzt til ráða að kallast á milli hnatta — frumlífshnatta á ég við. Á sviði viðurkenndra vísinda viðurkenna menn nú frumlífið — framlíf vilja þeir lengst af vita sem minnst um. Og þannig er hér á jörð. Þeir vilja gjarnan reyna að senda loftskeyti til næstu hnatta. En þessi loftskeytahugsun þeirra greiðir reyndar fyrir hugskeytum á milli sömu hnatta — þó að þeir viti það ekki sjálfir.

Nálægar stjörnur.

Í nýlegu riti um ráðstefnu um samband við lengra komna á öðrum stjörnum — sem Bandaríkjamenn og Sovéttmenn og fleiri héldu í Bjúrákan, Kákasus 1971 er víða talað um tvær nágranna-stjörnur okkar, sem eru þær Epsilon Eridani og Tía Seti. Telja þeir þessar stjörnur líklegar til að vera lífheimkynni. Setjum nú svo að svo sé, og þegar lífsambandsins er gætt, verður ekkert ólíklegt að samþróun eigi sér stað á mörgum skyldum hnöttum: Þeir gætu verið á mjög svipuðu stigi og við hér. Þá er auðsætt að það væri hinn mesti fengur fyrir þá þar að fá fyrirframvitneskju um nýstirni, sem þar eiga bráðum að fara að sjást. En ljósalda nýstirnins fíkrar sig áfram um geiminn og kemur á tiltekinni stundu til hveurrar stjörnu. Þetta var það sem ég átti við, með grein um nýju stjörnuna í Svaninum í síðasta hefti Lífgeisla. Nýja stjarnan á eftir að sjást á *Epsilon* í Eridanus-merki u. þ. b. 1. september næstkomandi. Þetta hygg ég nú vera nokkuð öruggan

útreikning, og hann er svo nákvæmur, af því að nær hornrétt er stefnan frá okkur þangað, miðað við geislastefnuna.

Hugsum um það.

Þann 29. ágúst verður fullt tungl hjá okkur. Mér finnst það auðvelda mér að hugsa til framtíðaratburða, að vita hvernig þá munu standa á tunglí. Hugsum til stjörunnar Epsilon Eridani. Þegar fullt tungl er hér getum við látið þá, sem þar eru sjá þetta tungl, með því að verða þeim sýngjafar. Þeir munu sjá tunglið okkar — í draumi! Það er gleðilegt að þeir munu sjá það. Þeir munu segja frá því í Lífgeislum síns hnattar. Frægt verður tunglið. En annað meira býr þó undir. Þeir sem best vita þar hvað við liggur munu fá grun um, að tunglsýnin „boði“ það, að meiri tíðinda sé von — á þeirra himni. Þeir munu horfa vel í átt að stjörnumerkinu Svaninum (sem er nærri eins þar). Og þeir munu reyna að verða fyrstir til að sjá blossa hinnar sprungnu stjörnu — þegar hann kemur þangað um 1. september n. k. eftir okkar tímatali. Hugsum um þetta fram til 1. sept.

Þorsteinn Guðjónsson.

ÖRLÖG Í HIMINGEIMNUM

Örlög mannkynsins, þess sem við heyrum til, er mikið mál, og hver sem orðar það mál, leggur sig í þá hættu, að hann hendi það sama og meistarann frá Nazaret. Við hann var sagt: lækni, lækna sjálfan þig, þegar hann vildi bæta ráð fjöldans og allra manna. Það verður sagt: bætið ráð ykkar sjálfra, Nýalssinnar, og síðan skulum við hlusta á ykkur. Ég er þó enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að þeir sem þannig tala, blekki sjálfa sig, og að leiðrétting rangra hugmynda sé hér aðalatriðið. Tækist sú leiðrétting, mundi annað koma af sjálfu sér.

Við höfum reynt að sitja saman miðilsfundi og við höfum fundið kraft, samfara skipulegum boðskap, sem hvorttveggja verkaði hvetjandi um tíma. Við höfum haldið erindi, talað við þá sem hafa viljað tala, flutt mál okkar í ræðu og riti, staðið fyrir máli okkar þar sem á það hefur reynt. Hver segir að þetta hafi allt

verið án árangurs? Mig grunar, að þeir séu töluvert fleiri, sem vita eitthvað um þessi mál núna en fyrir svo sem tíu árum. En það er þó ekki hið sama og að skriðurhafi komið á málin, til framfara og bættis mannlífs. Sú hreyfing ætla ég, að geti hafizt, einungis með því að verða þjóðleg hreyfing.

„Aldrei hefur nokkur heimspæki verið jafn þjóðleg og mín er“, segir Helgi Pjeturss, og bætir síðan við: „og engin þó eins alþjóðleg“. Þessi orð brautryðjandans mættu eyða þeirri ímyndun, að einhver mótsögn þurfi að vera milli þess að bera í fyrsta lagi umhyggju fyrir eigin þjóð — og svo hinu að láta sér vera vel við allar aðrar þjóðir. Sú leið, sem Helgi Pjeturss fann, er leiðin fram. Íslendingar þurfa að ná þeirri stefnu, sem miðar til eflingar þjóðernisins og hinna þjóðlegu sérkenna, ekki til niðurrífs þeirra þátta. Sá sem ekki skilur þetta getur ekki verið Nýalssinni, því að einmitt þessi er stefna Nýals.

Ekki þarf að eyða orðum að þeirri firru, sem stundum hefur látið á sér bæra, að fylgi við Nýal sé eitthvert fráhrarf frá vísindalegri gagnrýni eða aðgætni. Ég hef stundum orðið þess var, að menn sem ekki þekktu til, héldu að fræði Nýals væru trúarbrögð, og átrúnaður það að kunna að meta þau. Raunveruleikinn er sá, að ekkert örvar menn betur til vakandi gagnrýni og samanburðar en fræði Nýals. Nýall hvetur lesanda sinn sjálfkrafa til þess að veita athygli hverju því, sem kynni að vera í mótsögn við niðurstöður hans, en ekki til hins gagnstæða.

Svo vel vill til, að einmitt nú er tækifæri til þess, líklega betra en nokkru sinni, að rétta við stefnuna hér á Íslandi, ef menn hefðu viljann til. Sovétríkin hafa nýlega sent hingað prófessor til þess að lýsa yfir því, að *stéttabaráttunni* sé nú lokið að fullu og öllu. Slíkt hefur þýðingu, einnig hér á landi. Allir vita að boðorð Kremlar nema ekki staðar við landamæri, heldur eru þau sambandsáhrif sem berast um alla jörð um leið og þau eru sögð. Stéttabaráttunni er allsstaðar lokið, einnig hér á landi. Við þessa yfirlýsingu vinnst tvennt: hin andþjóðlega stefna á sér nú ekkert athvarf lengur, getur ekki lengur sótt kraft sinn í aðdáun vora á hinni frábæru rússnesku þjóð. Hin andþjóðlega stefna er nú föðurlandslaus, kraftlaus, máttlaus. Á hinn bóginn er nú möguleikinn til nýrrar kveikingar þjóðernisneistans, Nýalsneistans, sem á að taka við kraftinum og leiða alla þróun til rétttrar áttar. Og hvernig má það verða, að hann kvikni?

Svarið er auðfundið. Samstilling réttra, þjóðlegra aflsvæða á

frumlífshnöttum — þótt í veikasta og fáliðaðasta lagi séu, ef þau aðeins byrja rétt, — veitir möguleikann til viðtöku þess kraftar frá hinum æðri lífheimum, sem gerir samþróun þessara aflsvæða örugga og farsæla. Hin nýja þjóðernisstefna talar stillt og gætilega til umhverfis síns, en öruggt og ákaft til draumbíggjenda sinna á öðrum stjörnum, þeirra sem löndin eiga að erfa — þar.

P. G.

Fyrsta tilraun.

Ég beini huga mínum út í hinn óendanlega geim, og ég finn þar hnetti sem byggðir eru lífstefnumannkynjum á þroskabraut, guðkynjum hverjum öðrum æðri. Veldi þeirra er samstillt um milljónir vetrarbrauta, og jafnvel þeir hnettir, sem skemmst eru komnir á slíkri þroskabraut, eru furðulega miklu betur settir en við. Dásamlegt er líf þeirra mannkynja, sem vita af sambandinu.

Ég beini huga mínum að öðrum hnöttum, þar sem ólíkt er um að litast: sorg og kvöl og hverskyns ófarnaður, meiri en nokkur orð fá lýst, ríkir þar og fer vaxandi. Hvernig getur guð skapað slíka staði, heilum mannkynjum slík örlög, er sú spurning sem sárast og ákafast leitar á hug þess sem skynjar. Einungis hin nýalska hugsun á svar við þeirri spurningu því að hin blindu mannkyn spyrja ekki og svara ekki. Þau vita ekki af sambandi sínu við önnur mannkyn, eða hvað af slíku sambandi leiðir, og vita ekki að þróun alls lífs miðar til tveggja átta, lífstefnu eða helstefnu. Að sigra helstefnu er hlutverk þeirra sem vita.

Ég beini huga mínum að stjörnunni Epsilon Eridani. Þar finn ég mann sem kann að horfa til himins. Stjörnumerkin sem hann sér á himni eru mörg hver hin sömu og þau sem sjást héðan af jörð. Sum eru að vísu dálítið teygð og skekkt, þau sem mynduð eru af hinum nálægari stjörnum, en hin eru fleiri sem eru lítið breytt. Á einum stað sér hann stjörnu af annarri stærð, eina sem augu okkar hér hafa ekki lært að þekkja sem stjörnu. Þessi stjarna er sólin okkar, stjarndepill úti í fjarska geimsins. Hann horfir til þessarar stjörnu og spyr: Skyldi nú vera líf þar? Skyldu þar vera menn, menn sem vita þetta sama og ég. Svárið er *já*. Á stjörnunni Jörð eru nokkrir sem vita þetta, þó að þeir séu ekki mjög margir.

Þá spyr hann: geta þeir, eða þau, hjálpað mér, starfað með mér, veitt mér vitneskju? Vilja þau það? Svárið er *já*. Héðan er hugsað með stjarnfræðilegri þekkingu. Leitaðu að því stjörnu-

merki, sem við höfum kennt við Álft hér, en þið kennið við það sem ykkur sýnist. Nauðalík er þessi stjörnumynd hjá okkur báðum. Þrjár stjörnur mynda þvertré, en fjórar langtré, ef í kross er hugsað. Björtust er stélstjarnan, það er endastjarnan nálægt miðstjörnu. Í framhaldi af þeirri stjörnu og þó aðeins til vinstri sást *nýstirni* hér fyrir tæpum tveimur árum. Þú veizt hvað það er, og þú veizt að slíkur blossi heldur áfram um geiminn, og kemur nú til einnar stjörnu og þá til annarrar. Við erum búnir að reikna það út með öryggi, hvenær blossinn kemur til ykkar á Epsilon Eridani. Það verður þegar við köllum ágústlok hér (ekki okt.-nóv. eins og við sögðum síðast). Þetta er það sem við viljum segja þér. Við viljum sanna okkur fyrir þér á þennan hátt.

Með ástar-beztu kveðjum

Jarðarbyggi.

HVERNIG MÆTTI BERJAST GEGN ÞVÍ ILLA

Hin æðsta vera beitir aldrei illum aðferðum í baráttu sinni við hið illa. Orka kærleikans er eina vopn hennar.

Við menn beitum jafnan illum aðferðum, er við reynum að sigrast á hinu illa í heiminum. Þar með fjarlægjumst við hina æðstu veru, og okkur verður lítt ágengt. Hin æðsta vera getur ekki stutt okkur, er við beitum illum aðferðum í baráttu okkar, jafnvel þótt tilgangurinn eigi að heita góður.

Við menn beitum manndrápum til að vinna bug á manndrápum, við beitum hryðjuverkum til að uppræta hryðjuverkamenn, við beitum styrjöldum til að binda endi á styrjaldir. Þannig beitum við glæpsamlegum aðferðum, til að berjast á móti glæpum. Okkar aðferðir eru þær sömu, sem við erum að berjast gegn. Við beitum aðferðinni „hart á móti hörðu.“ Segja má, og e. t. v. með nokkrum rétti, að við þekkjum ekki aðrar árangursríkari aðferðir, í baráttu okkar gegn því illa. En samt má einnig segja, að með þessu erum við að vinna með illu öflunum og gegn þeim góðu. Því hin góðu öfl alheimsins, (hinar alsamstilltu, kærleiksríku verur, hyperzóón) munu aldrei beita illum aðferðum eða illum hugsunum heldur eingöngu hinum góðu og kærleiksríku.

Enda munu það vera einu vopnin sem að lokum duga í baráttu hins góða gegn því illa.

Við menn ættum ávallt að taka hinar guðlegu aðferðir hinna lengra komnu okkur til fyrirmyndar er við reynum að sigra hin illu öfl, sem svo mikið er af í heimi okkar. Með því móti vinnum við með hinum góðu öflum og fáum þau í lið með okkur.

Veit ég vel, að flestum mun finnast það mjög óraunsætt, að ætla að beita góðum og göfugum aðferðum gegn alls konar glæpalýð sem nú veður uppi, en hræddur er ég samt um, að takist það ekki á þann hátt, þá verði seint unninn bugur á hinu illa.

Hugarfarsbreyting hinna illu er hið eina, sem að verulegu gagni mætti verða. Og þeirri hugarfarsbreytingu mætti koma fram ef almennt væri vitað betur um eðli æðri lífsambanda og kunnað að stilla til þeirra sambanda á árangursríkari hátt, en enn hefur gert verið.

Það er vegna ófullkominna lífsambanda við hið æðra líf, sem glæpir þróast og hverskonar órói í þjóðfélögum. Efling æðri lífsambanda er hið eina, sem leyst gæti hin margháttuðu vandamál jarðar okkar.

Ingvar Agnarsson.

Sambandsfundir

Miðilsf. fimmtud. 11. des. '75, að Álfr.vegi 121.

Helgi Pjeturss (Sveini): Helgi, komið sæl. Við hugsum til ykkar héðan mörg, frá stöð okkar. Erum mörg hér saman komin og þið samstillist í stöð ykkar sem okkar, til að veita viðtöku sambandsorku héðan. Við reynum að koma fram sem mestri orku til ykkar, og því meiri, sem magnan verður meiri. Því möguleikar munu verða til að tala og veita ykkur þátt í skynjunum og hugsunum okkar. Þannig er leitast við að auka kraft og stjórn á aflsvæði ykkar. Við reynum að koma æ meiri orku fram ykkar á meðal.

Þið þurfið að geta magnast margfalt betur, en þetta verður að þróast. Hver einstaklingur hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Áhrif hvers og eins getur áorkað miklu. Margir samstilltir um slíkt lífern, góðvild og rétta hugsun, hafa mikla möguleika til að magnast, og þeir sem þeir stilla til magnandi sambands. Mætti margt um þetta segja, en ég þarf þó að geta komið mér betur við en nú er.

Björn M. Ólsen (Sveini): Þessi hnöttur ykkar er ekki í tölu hinna fullkomnari hnatta, en hver veit nema hann eigi eftir að ná því stigi og komast á framfarabraut, svo sem þarf.

Ég er íslenskur maður, framliðinn og er íbúi fjarlægs sólhverfis í vetrarbraut ykkar. Í mínu sólhverfi er lífið á framfarabraut. Má því segja, að mikill sé munur á lífi ykkar og okkar hér og vildi ég óska að við hér gætum hjálpað ykkar hnetti í lífstefnuátt með áhrifum, fjarhrifum, sem gætu borist milli hnatta okkar. Og áreiðanlega eru möguleikar til þess ef einhverjir á ykkar jörð gætu stillt svo til, að sú hjálp gæti til ykkar borist.

Því mikil orka er hér fyrir hendi og mikill vilji er fyrir hendi að hjálpa og margur er hjálparþurfi á ykkar jörð. Viðleitnin á hinum fullkomnu hnöttum er mikil og beitt er öllum tiltækum ráðum til að hafa áhrif í rétta átt. Auka þarf þekkingu á ykkar jörð og það ekki lítið.

Krafti er beint til jarðar ykkar frá lífstefnuhnöttum og þetta lýsir sér í ýmsum framförum, sem þrátt fyrir allt eiga sér stað á jörð ykkar. En vandasamt mjög er að ná þar tókum og þeir, sem móttækilegir eru, njóta ekki mikils trausts hjá samstirningum sínum.

Lífgeislunaráhrif beinast misjafnlega greiðlega til einstaklinga og þjóða. Ég veit, að þið munið gera ykkur ljósa þýðingu þess, að hin betri sambönd megi verða ofan á. Hvað til þess þarf, að svo geti orðið, munið þið hugsa um líka og gera ykkur grein fyrir því í höfuðatriðum.

Hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað og samtök þurfa að verða öflug, til að skapa mannkyni jarðar ykkar möguleika til æ fullkomnari sambanda.

Langar mig að lokum til að segja lítillaga eitthvað frá sjálfum mér. Mér er ánægja að geta talað til ykkar og það þykir mér skemmtilegt. Ég tek það sem vísbendingu um, að hægt muni vera að hafa meiri áhrif og koma hér fram meiri krafti.

Ég var fræðimaður í íslenskum fræðum. Ég er *Björn M. Ólsen*. Ég er íbúi annars hnattar og framlíðinn af ykkar jörð. Ég fæ ekki nógsamlega látið gleði mína í ljós yfir hugarfari ykkar. — Ég er staddur hér hjá Helga Pjeturss í stuttri heimsókn í stöð hans. Ég er mjög þakklátur Helga fyrir góðvilja hans, að leyfa mér að komast hér að, og ykkur, að vilja hlusta á orð mín. Ég finn hvert hugur ykkar stefnir og því þykir mér ástæða til, að gleðjast yfir því, sem miðar til bóta. Hvernig sem mín hugsun kemur hér fram, þá er það víst, að ég vil skilja þetta starf ykkar og vona, að ykkur megi takast að vekja sem flesta til umhugsunar um hið merkilegasta málefni. Og gefa vildi ég ykkur góð ráð, ef ég gæti, en þá vandast nú málið, að koma fram hugsun sinni hér og ráðleggingum. En ég tel, að margt verði hægt að gera til aukinnar athygli á ykkar málefni.

Ég verð nú að stytta þetta mál mitt. Hugsu mun ég til ykkar og segja ykkur ýmsa hluti héðan og frá mínum hnetti, til fróðleiks og skemmtunar, því mjög er mikil framför hjá okkur, á mínum hnetti og skemmtileg atburðarás. Hafið þið ekki hugmynd um og getið ekki gert ykkur í hugarlund, það ástand sem ríkir á hinum sönnu lífstefnuhnöttum. Mikilvægt er að fá samband við það líf og skilja, hvernig það líf raunverulega er. Að skilja muninn á því lífi og því lífi sem skemmra er komið. Annars er þetta svo langt mál, að ég mun ekki nú fara út í að lýsa hnetti

mínum. Það tæki margar klukkustundir. Verð ég því að kveðja og þakka viðtökur góðar. Verið sæl.

Framliðinn læknir, G. T. (Sveini) talar til eins fundarmanna, sem hefur nokkra lækningahæfileika Komið sæl. Ég er læknir. Litlar eru framfarir en miðar þó í áttina. Þú átt eftir að magnast betur. Og þú gætir orðið miðill eins og þú hefur nú hug á. Þetta gæti orðið, ef þú hefur nógan áhuga.

Þú átt eftir að þroskast betur og þetta allt í réttara samhengi en nú er. Hugsaðu þér, að þetta sé fjarsamband milli hnattanna. Kynntu þér vel kenningu Helga Pjeturss. Kynntu þér uppgötvanir hans um lífið á stjórnunum, og þú þarft að skilja, hvaðan lækninga-krafturinn kemur, og skilja að lífgeislunin er undirstöðuatriði. Þetta ætti að vera þér og öðrum auðskilið. Draga þarf réttar ályktanir. Óskandi er, að þú getir sagt skilið við sígarettarnar. Og vil ég hvetja þig til að standast þá raun, svo sem karlmanni sæmir.

Sókrates (Erni): Sæl verið þið. Sókrates, ég er Sókrates. Ég er hann.

Þegar þið heyrið þessi orð mín, er ég viðstaddur atburð.

Spurning: Er það heimsókn annarsstaðar frá?

Já, framlíðnir menn, þeir sækja okkur heim. Þeir flytja milli hnatta. Þeir eru annarsstaðar frá en á ykkar jörð. Þetta eru fullkonnari menn. Þetta er að gerast núna, og langar mig til að segja ykkur frá þessu. Þeir eru að magnast upp núna á ákveðinu svæði hér hjá okkur. Við leitum eftir þessu sambandi. Þetta eru máttugir sambandsvinir. Þegar þeir birtast, þá finnum við þá orku, er þeir búa yfir altaka okkur. Þetta er dásamleg tilfinning. Ég reyni að senda til ykkar, það sem ég get af þessum tilfinningum. Þetta er samband. Skynjanir verða á milli manna. . . .

Aristoteles (Pétri): Aristoteles. Aristoteles. Ég tala til ykkar frá öðrum hnetti. Mikillar mögnunar erum við aðnjótandi og viljum hjálpa ykkur til að öðlast þátt í þeirri orku, er við höfum yfir að ráða, til þess að mögulegt verði að ná fram þeim krafti, sem nauðsynlegur er til að þið getið orðið svo öflugir að framtíðin geti orðið í anda lífstefnunnar. Máttur okkar þarf að ná betur fram til ykkar. Hjá okkur eru menn einhuga um að þið verðið að öðlast þann styrk, sem svo nauðsynlegur er, til þess að ykkur megi auðnast að hjálpa meðbræðrum ykkar. Að fá fram þann skilning hjá meðbræðrum ykkar, sem svo nauðsynlegur er til björgunar mannkyni ykkar. Mikillar orku verðið þið að verða aðnjótandi, til

Þess að ykkur megi takast hlutverk ykkar. Þið þurfið að vera máttugir, svo ykkur auðnist að hjálpa öðrum. Hjá ykkur verður að eiga sér stað betra samband og ekki verður það með öðru, en að sem flestum verði þessi skilningur ljós. Áhrif frá fullkómnum lífstöðvum verða að ná betri tókum hjá ykkur.

Mikið er um þessa hluti rætt okkar á meðal, hvernig við getum hjálpað ykkur í viðleitni ykkar, svo þið verðið fær um að reynast nógu öflugir, svo meira mark verði tekið á ykkur en enn er. Betra samband mun veita ykkur meiri styrk. Samband við þá sem færir eru um að veita ykkur þá orku er ykkur vanhagar um. Þið verðið að samstillast til sambands við æðri lífstöðvar. Þið verðið að hjálpast að við að samstillast, með lífernir ykkar og hugsunum. Nauðsynlegt er að þessi skilningur nái útbreiðslu. Mikið liggur við, að þið reynist fær um að hafa samband við öflugar verur, sem hjálpa ykkur.

Martal (Erni): Ég er Martal. Ég er í lífstefnumannkyni og er að reyna að hjálpa ykkur að öðlast samband, sem ykkur er nauðsynlegt að njóta. Mitt mannkyn er fullkómna en ykkar mannkyn, og erum við að reyna að hjálpa þeim, sem farnir eru að öðlast skilning á eðli lífsins.

(Spurning: Ertu upprunninn á okkar jörð?).

Nei, ekki á ykkar jörð og ekki á ykkar vetrarbraut. Ég á heima í vetrarbraut sem er í mikilli fjarlægð frá ykkar vetrarbraut. Ég er betur fær um að hjálpa ykkur, en ýmsir aðrir, sakir þess, hversu mikillar orku ég er aðnjótandi, og ef ykkur tekst að ná sambandi við þær lífstöðvar, sem öflugar eru, tel ég að takast megi að hjálpa ykkur til að öðlast vald yfir ýmsu, sem ykkur er nauðsynlegt, ef framfarir eiga að geta átt sér stað hjá ykkur. Ég skynja til ykkar allra, sem hér eruð á þessum fundi, og er að reyna að fá fram hjá ykkur mynd.

Ég sé sólaruppkomu. Hún er fögur, bláleit, miklir geislar, djútbláir, mikill kraftur stafar frá henni. Þið ættuð að verða vör við orkuna.

Mikil fegurð er á mínum hnetti og á öllum hnöttum í minni vetrarbraut. Allt er alsamstillt. Við vinnum saman, við erum sem einn maður.

(Spurning: Hafið þið samband við Æsi?).

Já, mikil og góð sambönd höfum við við þá. Einnig þið hafið sambönd við þá.

(Spurning: Eru þeir í ykkar vetrarbraut?).

Nei, þeir eru ekki í okkar vetrarbraut.

(Spurning: Er þeirra vetrarbraut og ykkar vetrarbraut á álíka þroskastigi?).

Þeir eru mjög þroskaðir og velviljaðir.

Hér er samband við meistarann frá Nazaret, sem vill hjálpa ykkur við lækningar og fleira. (Þetta talaðist í gegnum Pétur).

J. N. (Pétri): Sælir, vinir mínir. Ég er einnig íbúi annars hnattar, sem vill leggja ykkur lið, til þess að sannleikurinn nái fram að ganga. Sem stendur eru fáir sem eru þess umkomnir, að skilja tilgang lífsins til nokkurrar fullnustu. Reynið að hjálpa öðrum. Ég hef mikinn áhuga á, að lækningar takist hjá ykkur í meira mæli en enn hefur orðið hjá ykkur. Vona ég, að ykkur takist að öðlast þá orku sem þarf til þess, að þið getið hjálpað sjúkum til heilbrigðis, mun meira en enn á sér stað. Við viljum leggja ykkur lið í þeim málum, sem að lækningu lýtur. Skilningur þarf að batna, svo að þið verðið fær um að hjálpa sjúklingum. — Hér er samstilling mikil hjá mönnum og reyna allir að stuðla að því, að framfarir geti orðið á ykkar jörðu. Þið þurfið að verða aðnjótandi meiri mögnunar, þá verður auðveldara fyrir ykkur að samstillast. Þegar þið verðið farin að veita þeirri orku viðtöku, verður róðurinn ykkur léttari. Mikið atriði er það fyrir mannkynið, að ykkur takist að valda því verkefni, sem þið eruð að fást við. Það er álit okkar hér og margra annarra, að ef ekki verður um framfarir að ræða innan tíðar hjá ykkur, hljóti af því að leiða ýmislegt verra. Standið allir saman. Á því virðist vera nokkur skortur að þið séuð samtaka um það, sem þið eruð að fást við. Fjöldi mannkynja, skyldra mannkynja, skyldra hnatta, verða að fylgjast að, og þessvegna er mikið atriði fyrir ykkur að þið hafið samband við þá hnetti, sem eru á sama þroskastigi, sem þið eruð nú á, þar sem framfarir eru að byrja. Mikið atriði er að þið náðið sambandi við slíka hnetti.

Óðinn (Erni): Óðinn, sæl. Æsir sækja eftir sambandi til ykkar. Mikið má það hjálpa, að við þekkjum til ykkar og að sambönd voru milli okkar og ykkar þjóðar. Þar af er þekking komin á milli manna ólíkra hnatta, sem má nýta til merkilegra hluta. Er það von okkar að einnig þetta samband verði ykkur til þess besta. Ber ég ykkur þær kveðjur frá Ásum og Ásynjum. Sendum ykkur þrótt. Verið sæl.

Ingvar Agnarsson,

ritaði jafnóðum og talaðist.

Miðilsfundur 18. febrúar 1977

Helgi Pjeturss (Sveini): Ekki virðist vanþörf á auknum mætti, svo að lífstefnunni verði náð, hér á ykkar jörð, þeirri stefnu, sem réttnefnd er lífstefna, á það nafn vel við þá stefnu. Ekki má dragast mjög lengi, að lífstefnan ryðji sér til rúms á ykkar jörð, ef koma á í veg fyrir skelfingar helstefnunnar, sem framundan blasa við, ef ekki verður snúið við til batnaðar. Munum við reyna að koma meiri orku til ykkar, reyna að efla framgang lífstefnunnar. Það þyrfti að takast, að koma til ykkar þeirri hjálp, sem þörf er á frá öðrum hnöttum. Munum við reyna, að magna aflsvði ykkar, og það er ekki fjarri því, að hægt sé að tala um fyrirburði nokkra, á því aflsvæði, sem Íslandi tilheyrir.¹⁾ Tilraunir til að koma fram fyrirburðum á því aflsvæði, hafa að nokkru borið árangur, sem dæmi benda til, þar sem fljúgandi diskarnir eru, en það hefur dvínað nokkuð aftur. Þessi kraftur, sem þar er að verki, hefur ekki náð að vaxa nægilega, en möguleiki er á, að framhald geti orðið eins og þyrfti. Þeir möguleikar eru þó fyrir hendi. Ég fylgist með, hvernig þessu afli er tekið meðal ýmissa manngerða, hvernig hugsunin, gagnvart þessu fyrirbæri, birtist í misjöfnum viðbrögðum manna, hvernig þeir líta á þessi fyrirbæri. Nauðsynlegt er, að hugarfar manna gagnvart þeim, verði sem skynsamlegast. Hugurinn hefur hér ekki lítil áhrif á þetta aðstreymi. Hvernig brugðist er hér við svokölluðum fljúgandi diskum, er mikilvægt. Framlífshnettir, þar sem aflsvæði er mjög öflugt, geta sent hluti um óravegu geimsins á svipstundu, þannig að um hamfaraflutning nokkurskonar er að ræða, hnatta á milli. Er sá hamfaraflutningur ekki framkvæmanlegur, ef viðtökuskilyrði eru ekki fyrir hendi, þar sem þörf er á að koma slíkum hlutum fram. Skapast þarf aflsvæði nokkurt og ef hugarfar leyfir, koma fram slíkir furðuhlutir, er svo má með réttu kalla, líkamningar, með öðrum orðum. Má vænta stórra tíðinda, ef tekið er rétt undir meðal manna, þar sem hlutirnir verða sýnilegir.

Menn eru ákaflega skammt komnir á ýmsum frumlífsjörðum og skilja ekki eðli þeirra fyrirbæra, er hér um ræðir.

Það sem við blasir, ef frá háum sjónarhóli er horft, er lífgeislaáhrif og orkustreymi frá fjarlægum hnöttum, og þegar komið er

¹⁾ Áður en þessi fundur var haldinn, var talsvert um fljúgandi furðuhluti yfir landi okkar, og svo aftur síðar. (Ath. ritstj.).

á þann sjónarhól, að samband á milli stjarna er ekki dularfullt lengur, þótt slík fyrirbæri verði í lofti, og ef komið verður fram þessum krafti, eins og til er stefnt, þá verða ekki aðeins um örskamma stund sýnileg þessi fyrirbæri, heldur mun geta orðið meira framhald á því og verða öllum til góðs og gagns.

Orkan, sem skapar sér farveg í hug manna og líkömum, getur orðið alls megnug. Hún gæti komið fram sem alls megnugur kraftur, þegar hindranir væru úr sögunni. Því þessi kraftur er óprotlegur.

(Spurning: Eru fljúgandi diskar á þínum hnetti?).

Þeir eru á öllum framlífshnöttum, þar sem líf er komið á nógu hátt stig samstillingar. Þar koma fram heimsóknir frá fögrum hnöttum og líkamningar eru hinir furðulegustu. Hlútir ýmsir koma fram og lifandi verur, hvort tveggja, óendanlegur fjöldi á hinum ýmsu framlífshnöttum. Er síst að undra, þótt líkamningar komi fram, þar sem lífið er á nógu háu þroskastigi. Það er það eðlilega lífslögmál, sem um er að ræða. Orka verður æ meiri, og magnar þá sem sambandstilraunir gera. Möguleikar til líkamningar eru þar meiri og magnanir meiri.

Farartæki eru hér af ýmsum gerðum, og mörg þeirra eru lík fljúgandi diskum. Ekki er samt auðvelt að lýsa þessu nánar að sinni.

Læt ég nú þetta nægja að sinni. Verið sæl.

Niels Dungal (Sveini): Dungal, sæl verið þið vinir, og er ánægjulegt að hafa samband við ykkur hér í stöð ykkar. Er ánægjulegt, að einhverjir vilja hlusta á það, sem reynt er að segja. Vil ég reyna að fræða um eitthvað eða reyna að skýra einhver fyrirbæri. Er að vísu ekki auðvelt, að koma fræðslu hér fram, sem til tíðinda gæti talist. Samt eru möguleikar á, að fræðsla geti komið fram, ef eftir er leitað með réttu hugarfari og með samstilltum hugum.

Ég hika ekki við að fullyrða, að það væri ákaflega mikil skamm-sýni, ef menn héldu, að sambönd við framlíðna gætu ekki veitt mikla möguleika til mikils fróðleiks í ýmsum efnunum. En það þyrfti að verða meiri samhugur um, að slík sambönd tækjust við aðrar stjörnur, sem nauðsynleg eru. Og þá verður að skilja þetta vísindalega og taka þetta þeim tókum, eigi að verða þær framfarir, sem dygðu.

Ég vona að ykkur megi auðnast að stuðla að bættu hugarfari í þessum efnunum, og þakka ég ykkur mjög óeigingjarnt starf, ef ég má bera nokkrar þakkir fram.

Við ramman reip er hér að draga. Menn eru misjafnlega þol-
góðir, er á móti blæs.

Sigurður Ólafsson (Sveini): Komið sæl. Sigurður Ólafsson er
ég. Ég skynja til fundar ykkar. Mér er ljóst, að ekki er auðvelt
að koma hér öllu fram, sem þó væri nauðsynlegt að geta komið
fram, ýmsum fróðleik og upplýsingum, sem til heilla mættu verða.
Ég vil þó ekki segja, að það sé ekki þess vert að reyna að koma
hugsun sinni fram á þennan hátt. Það tekur nokkurn kraft, en
þó vil ég til vinna, að reyna, að koma einhverju fram.

Ég hef að undanfögnu verið að kynna mér hér ýmsa hluti um
sambönd efna í náttúrunni og um lögmál þeirra efnasambanda.
Ég tel mig þurfa á efnafræðilegri þekkingu að halda og tel, að
sú þekking sé nauðsynleg, til að skilja eðli náttúrunnar í heild.

Menn þekkja ýms efni, og skipa þeim í ýms frumefni, og er
það ágæt niðurskipan efnis. Mörg frumefni eru kunn í náttúrunni.
Niðurskipan efna er fróðlegt þekkingarefni, og merkilegt er að
vita skil á eðli hvers efnis og eiginleikum þess, í réttu ljósi. Mér
finnst þetta mjög merkilegt viðfangsefni.

Við lærum um eðliseiginleika efna og berum saman. Ýmislegt
furðulegt kemur í ljós, þegar maður fer að kynna sér þessa hluti,
um eðli alheimsins og efni heimsins. Það virðist svo, að efni sé
alstaðar undirstaða allrar tilveru, efnasambönd hvarvetna, þar
sem einhver heimur er, og ég hef ekki séð neitt benda til þess,
að til sé neitt, sem kalla mætti andlegan heim, eða heim án efnis
og efnasambanda.

Menn á ykkar jörð eru enn að gera sér hugmyndir um annan
heim og andasvið, sem séu utan við efnisheiminn. Ég kalla það
með sjálfum mér *þokuvísindi*, eða í fremur litlum tengslum við
hina rökréttu hugsun eða vísindalegu þekkingu. En það eru ótal
hugmyndir, sem menn gera sér um þá hluti, sem þeir ekki þekkja
eða skilja.

Mín heimspeki er byggð á grundvelli náttúrufræðilegs skilnings
í framlífi ekki síður en í frumlífi, og ég hef fullan hug á að
bæta þar við. Þarf ég þar mjög að bæta úr og fræðast og vitkast
betur.

Milli mín og samstirninga minna er gott og fagurt samband og
vegna þessa góða sambands er ég í hugsambandi við ýmsa, sem
eru mér mun fullkomnari. Ég get náð hugsambandi við þá og
verður það mér mjög til vitauka.

Hvað sem menn kunna að hugsa og segja um kenningar Nýals,

Þá er fullkomlega víst, að þær eru byggðar á traustum grunn vís-
indauppgötvana. Þótt sumir telji þær til trúarbragða, þá er það
ekki af því, að þeir hafi kynnt sér þær, heldur hafa þeir heyrt
eitthvað um þær og ekki skilið þær.

Mitt mat á Nýal er, að þar sé um rannsókn mála að ræða, sem
trúarbrögðin hafa lengi haft umráð yfir. En hér má ekki halda
sér við gamlar trúarhugmyndir, hvort sem þær eru rangar eða
réttar. Ekkert í tilverunni á að vera leyndarmál um alla framtíð.
Allt í tilverunni á að verða ljóst, og allir eiga að geta tileinkað
sér sannleikann og geta þar með líkst guðunum æ meir. Takmarkið
er að verða skapandi guð. Ekki verður því takmarki náð, með
því að standa í stað vitsmunalega. Einstaklingurinn verður að
vinna að þroska sjálfs sín.

Ég hugsa mikið um lífsambönd í alheimi og ég finn í vaxandi
mæli áhrif þess á vitund mína í vöku og svefni og nýt orkunnar
í vaxandi mæli.

Mörgum hef ég hér kynnst merkilegum mönnum, vísindamön-
num og öðrum. Hafa þeir sagt mér sumir, að þeir kunni vel að
meta heimspeki Nýals, og sjái, að með þeirri heimspeki hafi verið
unnið stórkostlegasta afrek, sem enn hefur verið unnið á jörðinni.
En hvort sú heimspeki á eftir að sigra, því velta þeir mjög fyrir
sér, og vona að sigur vinnist.

PRENTVILLUR LEIÐRÉTTAR

Í Lífgeislum, 11. tbl., mars 1977, í ritgerð Þorsteins Jónssonar,
„Fróðleg bók varðandi árum og skyggni“:

- Bls. 16 misprentun — arþ — á að vera — þar.
„ „ „ — hei mvið — á að vera — heim við.
„ „ „ — þeuar — á að vera — þegar.
„ 17 „ — tregði — á að vera — tregðu.
„ „ „ — vri — á að vera — væri.
„ 20 „ — fyrsta — á að vera — fyrst.
„ „ „ — virðist — á að vera — virðast.

Ritstjóri.

Ljóð

STJÖRNURNAR

Stjörnurnar, sem við sjáum
sindra um himininn,
eru gleðitár guðs, sem hann felldi,
er hann grét í fyrsta sinn.

— Honum fannst ekkert af öllu
yndi sér veita né ró
og allt vera hégómi og heimska
á himni, jörð og sjó. —

Svo var það á niðdimmri nóttu,
að niðri á jörð hann sá,
hvar fagnandi hin fyrsta móðir
frumburð sinn horfði á.

Oð þá fór guð að gráta
af gleði; nú fann hann það
við ást hinnar ungu móður,
að allt var fullkomnað.

En gleðitár guðs, sem hann felldi,
er grét hann í fyrsta sinn,
eru stjörnurnar, sem við sjáum
sindra um himininn.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.

Draumar

Draumur um glatað tækifæri

I.

Mig dreymdi að ég var staddur á sjúkrahúsi. Ég stóð út við glugga og var að tala við hjúkrunarkonu.

Ég rifjaði upp í huganum veru mína þarna. Ég hafði fengið boð frá sjúkrahúsinu, og mér gefinn kostur á að vera þarna um tíma, til að kynna mér og taka þátt í þeim störfum, er þar færur fram. Mér þótti ég hafa verið þarna í eina til tvær vikur. Mér hafði ekki verið skipað fyrir verkum beinlínis, en þó hafði ég átt kost á að kynnast hverju því starfi, er ég helst kaus. En ég fann að áhugi minn hafði ekki verið mikill, og ég hafði því verið lélegur starfskraftur, og sýnt áhugaleysi og hirðuleysi.

Ég stóð nú þarna við gluggann hjá hjúkrunarkonunni. Ekki kann ég að lýsa útliti hennar, nema að hún var mun lægri vexti en ég. En ég fann eins og streyma frá henni hlýju og góðvild. Mér þótti hún tala á ensku fyrst, en er ég skildi hana ekki vel, fór hún að tala á íslensku. Hún mælti á þessa leið: „Hingað er boðið mörgum ungum mönnum, og margir óska eftir að koma hingað. Þeir vilja gerast læknar. Þeir fá að kynnast öllu sem hér fer fram. Sumir vilja læra skurðlækningar. En þegar til alvörunnar kemur, hafa þeir margir hverjir, ekki taugar til að horfa upp á þær aðgerðir. Allt er gert sem hægt er fyrir þessa ungu menn. Það er mulið undir þá. Já, „mulið“, er rétta orðið. En fæstir reynast hæfir til þess, sem ætlast er til af þeim. Þeir eru því látnir fara eftir styttri eða lengri reynslutíma. Og nú er komið að þér. Þú hefur ekki sýnt nógan áhuga. Þinn tími hér er á enda runninn.“ Ég þóttist segja: „Hefur ykkur þá ekki líkað störf mín hér, þennan tíma.“ Og er ég nefndi orðið „störf“ fann ég að ég blygðaðist mín, því ég fann nú til þess, að ég hafði rækt þau illa. Hjúkrunarkonan svaraði á þessa leið: „Nei,

okkur hefur ekki líkað störf þín, þú hefur ekki sýnt mikinn áhuga. Og því er nú best að þú farir. Við vonum að þú finnr starf, sem er betur við þitt hæfi, og við óskum þér alls góðs.“ Ég fann til smánar yfir þessum dómi, og mér sárnaði við sjálfan mig, en skildi, að við þessu gat ég ekkert gert úr þessu. Ég hlaut því að fara frá þessum stað, þar sem allt hafði verið gert mér til geðs. Og ég saknaði þess að verða nú að fara. Svo endaði draumurinn.

II.

Ýmsir draumar eru fyrst og fremst samtöl og svo hugleiðingar draumgjafans, og er þessi draumur af því tagi. Ekkert kom fram í þessum draumi, sem minnti á vökuvitund mína. Ég hef aldrei starfað á sjúkrahúsi og á því enga minningu um dvöl á slíkum stað.

Í draumi eigum við ekki aðeins kost á að kynnst því, sem ber fyrir augu draumgjafans, heldur einnig tilfinningum hans og hugsunum. Í þessum draumi finnur hann til blygðunar fyrir vanrækslu og áhugaleysi er hann hefur sýnt í starfi sínu, og það rennur upp fyrir honum að nú verður hann að gjalda þess.

Svo virðist, sem ég hafi hitt á orlagastund í lífi þessa manns. Þetta samband á milli okkar verður einmitt á þeirri stundu, sem eftirminnilegur atburður er að gerast í lífi hans.

Og nú kemur í huga mér hugleiðingarefni um drauma: Flestir eftirminnilegir draumar stafa af því, að einhverjir merkisatburðir eru að gerast í lífi þeirra, sem draumsambandið er við, einmitt á þeirra stundu sem okkur er að dreyma. Og þá vaknar spurning: Dreymir okkur fremur merka og áhrifaríka atburði en einhverja lítilsverða? Ef nú svo er, mætti hugsa sér, að áhrifamiklir atburðir í lífi draumgjafa flytji með sér sterkari geislunaráhrif. Einmitt slíkir atburðir leiti því helst til draumþegans, eða a.m.k. fremur en áhrifalitlir hversdagsatburðir í lífi draumgjafans. Og vafalaust munu áhrifamiklir atburðir (eða sterkar hugsanir) miklu fremur festast í minni draumþegans, en þýðingarlitlir hversdagsatburðir og lítillvægar hugsanir.

Ingvar Agnarsson
(*Dreymt* 28. sept. 1974)

Draumur um fólk og fljúgandi disk

I.

Mér fannst ég vera heima hjá mér í Bankastræti 11. Draumurinn byrjaði þannig: Inn um minni gluggann, sem var hálfopinn, komu tveir þokar (ekki stórir). Fannst mér þeir vera úr regnþéttu efni, gráir að lit — og lokaðir (saumað fyrir þá), en einkennilegt þótti mér, að það var eins og eitthvað lifandi væri í þeim og varð mér að orði, hvort ég ætti ekki að opna þá. Þá heyrði ég rödd, sem segir: „Því ekki það?“ En þess þurfti ekki með, því allt í einu var allt herbergið orðið fullt af fólk, og fór allt friðsamlega fram — mér þótti þetta fólk vera komið frá öðrum hnöttum. Fáein orð heyrði ég frá tveimur mönnum, sem voru mjög stórir og föngulegir. Mér fannst þeir vera fararstjórar. Annar sagði: „Ættum við ekki að fara að athuga farartækin okkar?“ Fannst mér það vera „fljúgandi diskar“ eða eitthvað í þeim dúr, — svo þeir gætu haldið heimleiðis. Að síðustu heyrði ég á tal annarra tveggja manna, og horfði ég á þá. Þeir voru með teppi sem þeir höfðu lyft upp frá gólfinu og hélt ég í fyrstu, að það væri mitt teppi og var ég mjög leiður yfir því, vegna þess hvað það var óhreint. En þegar ég aðgætti betur, þá var mitt teppi á gólfinu og hreint eins og ég er vanur því. Ég bað þá að fara með það niður í port í ruslið. Þar með endaði draumurinn. Ég skrifaði þetta strax morguninn eftir).

Porkell Gunnarsson.

II.

Þessi draumur virðist vera nokkuð ruglingslegur, eða eins og hin ýmsu atvik hans komi sitt úr hverri áttinni, en slíkt er mjög algengt í draumum. Draumgjafaskipti eru algeng í draumum, en í þessu tilviki mætti eins vel gera ráð fyrir að draumgjafinn hafi verið í einhverskonar sambandsástandi, og hafi fjarsýnir hans verið nokkuð sín úr hverri áttinni. Hafi þessar sýnir svo borist sofandi heila draumþegans, ásamt nokkru af hugsunum draumgjafans. Þá er ekki loku fyrir það skotið, að heimsóknir hafi átt sér stað frá öðrum hnetti, á heimili draumgjafans og hafi þetta fólk, sem allt í einu fyllti herbergi hans, verið líkamningar (hafi efnast þarna og komið fram um stundarsakir). Rangþýðinga dreymandans gætir einnig nokkuð, og til marks um það er sú hugsun hans, að hann sé heima hjá sér í Bankastræti 11, en ef

hann hefði í draumnum tekið vel eftir staðháttum, mundi hann hafa komist að raun um, að ekki var hér um hans eigin íbúð að ræða. — Sama er að segja um teppið á gólfinu. Þar hlýtur að vera um annað teppi að ræða en hans eigið. Hygg ég, að draumgjafinn (sambandsvera dreymandans) hafi ekki veitt þessum hlutum sérstaka athygli, eða þá að samband draumgjafa og draumþega hafi ekki verið nógu fullkomið, til þess að slíkt kæmist nógu vel til skila hjá draumþeganum. Þetta er mjög algengt, og hygg ég, að slíkt valdi flestum rangþýðingum, sem fram koma í draumum manna. Það er eins og minningar úr vökulífi verði stundum ein aðaluppistaða draumanna, vegna ófullkomins sambands við hinn fjarlæga draumgjafa.

Ingvar Agnarsson.

Draumur um heimsókn á annan hnött

Þann 10. apríl 1977 kl. 3—4 e. h. dreymdi mig merkilegan draum. Mig dreymdi að ég svifi yfir ókunnu landi á miklum hraða. Ég sveif eins og fugl flygi, og hafði ánægju af því að geta svifið í átt að klettum en sveigt svo yfir þá á augabragði. Þessir klettar voru öðruvísi en ég á að venjast. Þeir voru ljósgráir og líktust stuðlabergi.

Ég sveif dágóða stund yfir víðáttumikið landsvæði þar til ég kom að stórrí byggingu sem líktist kastala. Var geysifagur turn á kastalanum. En af einhverjum ástæðum gat ég ekki numið staðar við turninn, og varð ég að lækka flugið mikið til þess að komast að honum. Ákvað ég þá að skoða glugga á fyrstu hæð kastalans og svífa svo hærra upp með byggingunni. Er ég kem að þriðja glugganum, sé ég konu þar fyrir innan, og sér hún mig einnig og verður henni mjög bilt við, en það hefur þau áhrif á mig, að ég missi svifhæfnina. Hrapa ég þá til jarðar og ofan í ískalt síki sem var þarna megin við bygginguna. Við það missi ég allan mátt, og það er eins og sæki að mér svefn í kuldanum. En með miklum viljastyrk gat ég þó tekið mig aðeins á loft frá vatnsborðinu, en missi svo flugið og hrapa aftur í síkið. Tók ég þá eftir því, að ég var í rauðum stakk. Sá ég þá ekki annað ráð vænna en að synda til lands, hinum megin við kastalann. Var ég þá staddur í við-

kunnanlegu þorpi. Fór ég úr stakknum, því að ég var votur eftir sundið. Fannst mér þá eins og ég missti allan kraft og svifmátt við að fara úr stakknum. Allt í einu verð ég var við farartæki í 200—300 metra fjarlægð. Heyri ég eins og mennirnir í farartækinu segi: „Þarna er grunsamlegur náungi! Eigum við ekki að hirða hann?“ Varð ég mjög hræddur og reyndi að leita mér að fylgsni.

Þá ekur svartur bíll upp að mér og nemur staðar, og er þar ung kona, fríð sýnum, og býður mér upp í. Ekur hún mér heim að snotru tvílyftu húsi og býður mér inn. Verður mér litið á skófátnað sem stendur þar á gólfi og eru það tvenn pör af blá-grænum inniskóm, önnur þeirra af karlmanni, og vissi ég þá að konan var gift. Býður hún mér inn í veglega stofu. Spyr hún hvort ég vilji borða, en ég segist eigi vera svangur. Stuttu seinna kemur maður hennar, og mér til mikillar furðu fannst mér hann vera mjög líkur mér í sjón. Hann var skolhærður, hár og spengilegur, en samt náði hann mér ekki nema undir handarkrika. Urðum við brátt hinir mestu mátar. Ákvað ég að við skyldum fara í gönguferð og skoða okkur um í bænum og gerðum við það. Á vegi okkar urðu þrír menn, þreknir á vöxt og í ljósum peysum, og spurðu þeir okkur hvort við hefðum séð grunsamlegan mann á gangi í þorpinu! Ég sagðist ekki hafa orðið var við mannaferðir nema það mér sýndist maður ganga upp eftir þorpsgötunni fyrir ekki alllangri stundu. Síðan fór ég að grínast við þá og þreif sterklega í þá og spurði hvort þeir væru ekki hraustir. Voru þeir eins og fis í höndunum á mér. Höfðu þeir mjög gaman af þessu og hlógu hver öðrum meira. Við þetta óx mér ásmegin bæði andlega og líkamlega. Reyndi ég þá að gera þeim grein fyrir því að ég væri frá annarri stjörnu og hefði aldrei verið á þeirra jörð áður. En þeir virtust ekki trúá því, en höfðu gaman af. Þá hvarflaði hugur minn aftur til turnsins, og mér fannst eins og mér riði það á miklu að komast þangað, og var þá draumurinn á enda.

Þorsteinn Sv. Víkingur, Úlfstöðum.

Draumur um svif yfir sjó í roki.

I.

Mig dreymdi, að ég þóttist staddur vera úti á löngu nesi að vestanverðu við langan og breiðan fjörð, sem skarst inn í landið

til suðurs. Þótti mér ég eiga heima inni í botni þessa fjarðar. Þar sem ég nú var staddur, við mynni fjarðarins þótti mér vera lítil borg, og hafði ég farið þangað einhverra erinda. Þess má geta að í upphafi draums, þótti mér fjörður þessi vera Reykjarfjörður syðri á Ströndum, og að borgin, sem ég var staddur í væri Gjögur, en þó var það aðeins í bili, sem þessi rangþýðing kom upp í hug mér, en hvarf skjótt. Þó vil ég geta þess, að landfræðileg lega þessa draumséða fjarðar, ásamt borginni, virðist vera nokkuð hliðstæð Gjögri og Reykjarfirði, en landslag þó allt annað, því í draumnum var mest sléttlendi vestan fjarðarins en að austan ávalar hæðir inn með firðinum. En Reykjarfjörður á Ströndum er með snarbröttum fjöllum á báðar hliðar.

Ég þóttist nú hafa lokið erindum mínum í þessari borg, og hugðist halda heim á leið, inn með firðinum. Bjartur dagur var, og litir lands og sjávar virtust svipaðir því, sem við eigum hér að venjast, en ekki veitti ég þessu þó mikla athygli. Hugðist ég fara heimleiðis svífandi ásamt manni, sem með mér var. Við svífum nú af stað, og var skammt á milli okkar í loftinu, líklega í svo sem eitt hundrað metra hæð. Við hreyfðum hendur og fætur, til að hafa stjórn á svífi okkar, en í svífdraumum þeim, sem mig hefur dreymt, eru þessar hreyfingar mjög algengar. Við svífum yfir fjöruborði. En nú tók að hvesa, og stóð vindurinn beint á eftir okkur, og jók þetta mjög á hraðann. Loks hættum við öllum svífhreyfingum. Mér fannst við ekki þurfa þess lengur með, þar sem vindurinn bar okkur hratt áfram. Ég lá nú flatur í loftinu. Ég lá á hliðinni, og slakaði á öllum vöðvum og var í algerri hvíldarstöðu.

En nú beygði fjörðurinn til vesturs, og stóð þá vindurinn ekki lengur inn fjörðinn, eins og verið hafði, heldur stefndi hann skáhallt yfir fjörðinn. Ég sá að við svo búið mátti ekki standa, því vindurinn bar okkur frá landi. Reyndi ég þá að beita hugarorku og hreyfingum þeim, sem ég notaði í upphafi ferðarinnar, til að hamla á móti vindinum, en það dugði lítt, því stormurinn bar okkur með sér á mikilli ferð frá landi. Þótti mér þetta lakara, því með því móti kæmumst við ekki heim, eins og ætlað hafði verið.

Ég hætti að hamla á móti vindinum, en lét hann bera mig óhindrað áfram að sinni. Fór ég nú að litast betur um í kringum mig. Ég horfði niður á sjóinn. Hann var úfinn af storminum.

Hvítir öldutoppar voru hver við annan, og rauk dálítið úr þeim. Og nú fór að dimma. Það fór að verða kvöldsett. Og áður en á löngu leið varð rökkur. Ég leit á landið handan við eða að austanverðu við fjörðinn, þar sem voru ávalar hæðir. Sá ég þar tvö þorp, mörg hús í fjarska með hvítum veggjum, sem í fyrstu virtist glampa á, eins og af kvöldsól. En rökkrið náði fljótt yfirtökum, og glampinn hvarf af húsunum. Varð nú mjög dimmt. En þar sem húsin voru, sáust nú mörg ljós. Og í þá átt bar vindurinn okkur. Þarna hugðist ég leita gistingar, er að landi kæmi.

Ekki var laust við, að ég hefði nokkurn beyg af þessu ferðalagi. Ég fór að hugsa, að illa gæti farið, ef svífhæfileikinn bilaði, því ekkert var undir nema ólgandi sjórinn, og leiðin til lands var löng. Ég fann eins og einhvern sérstakan mátt í öllum líkama mínum. Það var eins og eitthvert sérstakt afl gagntæki mig allan, eitthvert afl, sem í rauninni tilheyrði ekki sjálfum mér, heldur eins og það streymdi stöðugt um mig allan, hverja taug, líkast því, sem þetta afl kæmi annarsstaðar að.

Í huga mér kom, að vegna þessa aðsenda afls væri mér möglegt að svífa, og ég fór að hugleiða, hversu mikilvægt mér væri að missa ekki af þessu afli, nú, þegar svo illa stæði á fyrir mér. Ég reyndi að einbeita huganum, svo að þetta afl mætti verða varandi. Undir því væri nú allt komið.

Ég leit á ljósin framundan, og sá að ég smánálgaðist þau. Svo vaknaði ég.

II.

Þessi draumur, eins og aðrir svífdraumar, bera það með sér ótvírætt, að um samband hefur verið að ræða við einhvern íbúa annars hnattar, þar sem samstilling og sammagnan gerir það möglegt að svífa í lofti.

Eitt hið athyglisverðasta við draum þennan finnst mér vera það, að vitneskja draumgjafans um mikilvægi aðsendrar magnanar honum til handa á hættustund skuli hafa getað borist mér, dreymanandanum. Þessi vitneskja og þessi tilfinning er okkur mönnum venjulega svo fjarlæg.

Aukin lífmagnan er einmitt það, sem við þyrftum mest á að halda, til að leysa þau viðfangsefni, sem hér er við að glíma.

Inguar Agnarsson,

(dreymt 2. júní, 1976).

Fyrirbæri

UNDANFARI LÍKAMNINGAR

I.

Miðvikudaginn 5. janúar kl. 6,45 var ég á ferð á Skeiðavegi nálægt Kílhrauni. Brá þá upp fyrir mér veikum ljósbjarma, sem safnaðist saman fram undan mér, en hvarf síðan þegar ég nálgæðist hann. Þetta endurtók sig síðan tvívegis, en að síðustu sá ég súlulaga ljósbjarma yfir lágum hól til hliðar við veginn fram undan mér. Síðasti ljósbjarminn var mun afmarkaðri og bjartari en þeir fyrri, en varði mun skemur, eða ekki nema sekúndubrot.

Þess má geta að þetta mun hafa verið á svipuðum slóðum og Örn Jónsson úr Reykjavík sá fyrirbæri í lofti sunnudaginn 12. september síðastlíðið haust.

Páll Steinarsson.

II.

Hér er sagt frá atburði, sem mjög má kallast merkilegur. Ljósbjarmi birtist vegfaranda þrívegis og í síðasta skiptið hefur hann breytt nokkuð um lögun og er orðinn súlulaga. Helst mætti láta sér til hugar koma, að þarna hefði verið um að ræða undanfara eða tilraun lengra kominnar veru til efnunar eða líkamningar, og þá að sjálfsögðu veru á öðrum hnetti. En vegna ófullkomins aflsvæðis hér, hefur það ekki getað tekist betur, en raun varð á.

Ritstjóri.

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr. 10.000

NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls.	Uppseldur
ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.	— 1.500
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.	— 2.000
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.	— 1.000
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.	— 1.500
ÞÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.	— 2.500

NÝALL, stakur í shirtingsbandi	Uppseldur
ENNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.200
FRAMNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.500
VIÐNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 700
SANNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.000
ÞÓNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 2.000

NÝALL, stakur, heftur	— 1.500
ENNÝALL, stakur, hefur	— 800
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 1.200
VIÐNÝALL, stakur, heftur	— 500
SANNÝALL, stakur, heftur	— 800
ÞÓNÝALL, stakur, heftur	— 1.500

ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa

(Um 100 eintök)

Eins og sést á framangreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýölum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159, Reykjavík.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Halleys halastjarnan (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls.	38
Lífaflfræðiþáttur Þ. G.	—	39
Aflsvæði lífveru - aflsvæði lífheildar. — Ísl. uppgötvun. Rússnesk uppgötvun. — Ný þróun á Vesturlöndum. — Eðli lífgeislunar - stutt mál um mikið efni. — Það sem fyrir liggur og það sem af því leiðir.		
Alheimur: Efnisleg sköpun. Frumsköpun efnislegs lífs Þ. S.	—	43
Landnám lífs á plánetunni Jörð. — Alheimur, pláneta, Jörð ...		
Aflsvæði á ýmsum stigum. Þ. G.	—	45
Þjóðar-aflsvæði. — Milli frumlífsmanna. — Nálægar stjörnur. — Hugsum um það.		
Örlög í himingeimnum Þ. G.	—	48
Hvernig mætti berjast gegn því illa I. A.	—	51

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 11. desember 1975	—	53
Helgi Pjeturss. — Björn M. Ólsen. — Framl. læknir, G. T. — Sókrates. — Aristoteles. — Martal. — J. N. Óðinn.		
Miðilsfundur 18. febrúar 1977	—	58
Helgi Pjeturss. — N. D. — Sigurður Ólafsson.		

Prentvillur leiðréttar	—	61
-----------------------------	---	----

LJÓÐ:

Stjörnur. D. St.	—	62
-----------------------	---	----

DRAUMAR:

Draumur um glatað tækifæri. I. A.	—	63
Draumur um fólk og fljúgandi disk. Þ. G.	—	65
Draumur um heimsókn á annan hnött. Þ. S. V.	—	66
Draumur um svif yfir sjó í roki. I. A.	—	67

FYRIRBÆRI:

Undanfari líkamningar Þ. S.	—	70
Verðskrá yfir Nýala	—	71